

Nr. 48. í landhelgi, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaaafnot af jörð, þótt engin  
3. nóv. ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje  
rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög eða pöntunarfjelög, má leggja útsvar, ef þau hafa  
leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu  
og arði í söludeild fjelagsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S)

*Einar Arnórsson.*

Nr. 49.  
3. nóv.

## Lög

um

viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skulu fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefnd ákveður eða  $\frac{1}{3}$  hluti kjósenda, sem á kjörskrá standa, óska þess, og skal þá farið eftir ákvæðum þessara laga, en ella sem áður eftir nügildandi lögum.

Ef hreppsnefnd ákveður leynilega kosning, skal hún auglýsa það 2 vikum fyrir kjörfund.

Sje óskin frá kjósendum, skal hún komin skrifleg til oddvita kjörstjórnar áður en 3 vikur eru liðnar frá því er kjörskrá lá fræmmi, sje um reglulega kosningu að ræða, en viku fyrir kjörfund, ef aukakosning á fram að fara.

Nú á að kjósa 2 eða fleiri menn í senn í hreppsnefnd og hefir þá hver kjósandi jafnmörg atkvæði sem þeir eru margir, er kjósa skal, og má hann þá greiða sama manni öll sín atkvæði, ella deila þeim, eftir vild, milli tveggjæ eða fleiri, eftir því hve marga þarf að kjósa.

## 2. gr.

Nr. 49.

Áður en kosning byrjar, skal kjörstjórn hafa til hæfilega marga kjörseðla, ölla 3. nív. jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá.	Atkvæði.

lokaðan atkvæðakassa með rifu á lokinu og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn þeirra manna á kjörskránni, sem kjörgengir eru skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

## 3. gr.

Í húsinu, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði gengið í það nema úr kjörherberginu. Sje þess eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Í herberginu, eða hinu tjaldaðe horni, skal vera lítið borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota fyrir kjósendur.

## 4. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósenda í senn inn í kjörklefann (afherbergið), eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskránni, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósendinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra, framan við strikið á kjörseðlinum og fyrir aftan það í sömu línu, hve mörg atkvæði sín hann ætlar hverjum þeirra. Síðan brýtur kjósendinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er.

## 5. gr.

Láti kjósendi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur og má ekki láta hann í atkvæðakassann. Einnig er kjörseðill ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekktanlegan frá hinum seðlunum.

Ónýtist kjörseðill hjá kjósenda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósendi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar geti ekki framkvæmt kosninguna á fyrirskipaðan hátt, þá skal maður úr kjörstjórninni, sá er kjósendi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

Nr. 49.

6. gr.

3. nív.

Meðkjörstjórnarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín, skal atkvæðagreiðslu lokið; þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, eftir að hafa hrist hann rækilega; tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórunum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S)

*Einar Arnórsson.*